



Dagsetning: 27. október 2023
Málsnúmer: 2309151/2.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Meðfylgjandi eru drög að gjaldskrá Fjarðabyggðarhafna fyrir árið 2024. Tillaga að gjaldskráin var tekin fyrir á fundi hafnarstjórnar fimmtudaginn 26. október sl., samþykkt og vísað til staðfestingar bæjarráðs.

Í tillöguni er gert ráð fyrir hækkunum á flestum gjaldaliðum hennar um 5,8% í samræmi við ákvörðun bæjarráðs þar um. Undantekningar á þessar megin reglu eru:

- Í 13. gr. „Þjónusta dráttarbáts“ verður hækkun á gjaldi vegna aukamanns á dráttarbát um rúm 10% og þar miðað við launavísitölu.
- Í 14. gr. „Festargjöld“ er það tillaga hafnarstjórnar að engin hækkun verði gerð en gjöld undir þeim lið eru með hærri móti sé miðað við aðrar sambærilegar hafnir.
- 18. gr. úr fyrri gjaldskrá sem fjallaði um þjónustu við strandveiðibáta er felld út. Sérstakt strandveiðigjald er lagt á hvert strandveiðileyfi sem er gefið út. Höfnin fær svo greitt í hlutfalli við það sem landað er á hverri höfn. Þykja það nægar álögur á strandveiði.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála